

1864.

9. júlí.

Með því nú stjórnarráðið hefir í hyggju að fara þess á leit við ríkisþingið, að framvegis verði veitt jafnumikið fè í þessu skyni, og veitt hefir verið þetta árið, þá skal hérmeð skorað á yður, háæruverðugi herra, að hlutast til um, að þetta verði heyrum kunnugt á Íslandi í tækan tíma, og hvetja hlutaðeigendur, er óska, að tekið verði tillit til þeirra, þá er úthlutað verður styrktarfè þessu, ef það fæst, til að senda bænarskrár um það, með nákvæmum skýrslum um tekjur þeirra og annan efnahag, og eruð þér jafnframt beðnir að bæta við skýrslu yðar um uppgjafapresta og prestsekkjur á Íslandi, dags. 24. dag ágústm. f. á., ýtarlegri embættisskýrslum um upphæð á tekjum þeim, er hlutaðeigendur hafa af brauðunum, og senda stjórnarráðinu skýrslur þessar um leið og þér sendið bænarskrár þær, sem hér er um rætt, og uppástungur yðar um úthlutun styrktarfjár þessa næstkomanda fjárhagsár.

61. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um nýja póstferð millum Eskifjarðar og Akureyrar.

14. júlí.

Í bréfi 4. d. nóvemberm. f. á. hafið þér, herra amtmaður, leitað samþykkis dómsmálastjórnarinnar uppá það, að þér hafið skipað nýja póstferð frá Eskifirði til Akureyrar 15. dag maí-mánaðar, er komist í samband við póstferðina frá Akureyri til Reykjavíkur 6. dag júním. og þriðju póstskeipsferðina frá Reykjavík til Kaupmannahafnar; hafið þér tekið fram, að þér hafið gjört þetta af því, hve áriðandi slík ráðstöfun sè fyrir embættisstjórna yfirhöfuð, og til þess, að ársreikningarnir frá sýslumönnum og umboðsmönnum í amti því, sem þér eruð yfir skipaðir, geti komizt með þeirri ferð póstskeipsins, sem nú var nefnd. Útaf þessu skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðið hérmeð leggur samþykki sitt á þessa ráðstöfun yðar, sem eptir því, er þér skýrið frá, mun hafa í för með sèr hërumbil 26 rd. kostnað.